

# Leikskólanemi

Á DÖGUNUM var ég beðin að fylla út eyðublað vegna væntanlegs leikskólakennaratsals og kom að þeim reit, þar sem spurt var hvað eigin börn störfuðu. Aldrei áður hafði ég skrifað hvað dóttir mín starfaði, þó er hún búin að vera í leikskóla í fjögur ár. Yfir 90% barna í landinu eru í leikskólum einhvern tíma á ævinni, samt hefur þetta heiti, leikskólanemi, lítið verið notað í daglegu tali.



Unnur  
Stefánsdóttir

## Námskrá leikskóla

Í vor kom út á vegum menntamálaráðuneytisins Aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Þar segir menntamálaráðherra í formála að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og að lengi búi að fyrstu gerð. Aðalnámskráin skiptist í kafla og fjallar hver þeirra um grundvallaratriði í uppeldisstarfi leikskóla og hvað beri að leggja áherslu á í uppeldis- og skólastarfinu.

Hver leikskóli gerir sína eigin námskrá, sem byggist á Aðalnámskránni. Námskrá leikskóla er ekki ný af nálinni, það er einungis verið að breyta heiti á sama efni. Með þessu skrefi ráðherrans er fyrst og fremst verið að samræma heiti fyrir öll skólastig.

## Leikurinn

Leikur er hornsteinn leikskólastarfs, lífstjáning og gleðigjafi barns. Í leik lærir barn margt sem

enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Til þess að leikurinn geti eflst og þróast þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið. Leikurinn sem aðaltjáningarform er uppistaðan í vinnu barna í leikskóla og hlutverk skólans er að búa þeim þau skilyrði að þau geti notið sín í leiknum, tjáð tilfinningar sínar og öðlast nýja þekkingu og leikni. Sú þekking og

færni sem börn öðlast í leikskóla ætti því að nýtast vel í grunnskóla.

## Leikskólar

Námskrá leikskóla er ekki ný af nálinni, segir

Unnur Stefánsdóttir,  
það er einungis verið að breyta heiti á sama efni.

## Foreldrasamstarf

Í leikskóla skiptir samstarf við foreldra höfuðmáli. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það sem einstakling frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi. Það er mikill kostur við

leikskólastarf að kennari og foreldrar hittast tvisvar á dag og geta rætt um barnið og líðan þess. Það er hlutverk leikskólans að veita foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið, þannig að foreldrar viti hvernig það fer fram. Foreldraviðtöl með formlegum hætti eru á hverjum vetri, þar sem foreldrar fá nánari upplýsingar um það hvernig barn þeirra stendur sig í einstökum þáttum starfsins.

## Samþætting skólastarfs

Mörg börn á Íslandi eru fjögur ár í leikskóla, sum í fjórar stundir, önnur í sex eða átta stundir á dag allt að 223 daga ársins. Til samamburðar fær barn í fyrsta bekk í grunnskóla 174 skóladaga á skólaárinu. Mikið nám og þekking hefur átt sér stað í leikskólastarfinu á þessum tíma, sem er ómetanlegt fyrir barnið og þroska þess. Það má velta því fyrir sér hvort nægjanlegt samstarf sé á milli skólastiga, þannig að í grunnskóla sé byggt ofan á þann grunn, sem lagður er í leikskólanum. Heilsdagsgrunnskóli er víða orðinn staðreynd og því spennandi fyrir okkur foreldra, sem erum búin að fá börnin okkar útskrifuð í leikskóla, að fylgjast með hvernig samþættingu náms í heilsdagsgrunnskóla er háttað.

*Höfundur er foreldri og leikskólastjóri í Kópavogi.*

**mbl.is**